

Mál nr. 27/2007

M

og

Vátryggingafélagið X v/ ábyrgðartryggingar rekstraraðila hitaveitu.

Slys af völdum hitaveituvatns er lak úr sprunginni hitaveituleiðslu þann 25.1.2004.

Gögn.

1. Málskot, móttakið 29.1.2007, ásamt fylgigögnum.
2. Bréf X, dags. 9.2.2007.

Málsatvik.

M var á ferð um tiltekið sumarhúsasvæði. Varð hann þá fyrir því að hægri fótur hans sökk upp fyrir ökkla í jarðveg sem mun hafa verið gljúpur og gegnsósa af heitu vatni. Hlaut M brunaáverka á fætinum í kringum ökkla. Í ljós kom að heitavatnsleiðsla, sem var grafin í jörð, hafði sprungið og heitt vatn flætt yfir næsta nágrenni. Eigandi heitavatnsleiðslunnar og rekstraraðili er A.

Í lögregluskýrslu sem tekin var af M þann 23.2.2004 kvaðst hann umræddan dag hafa verið í sumarhúsi á svæðinu og verið að fara með sorp. Hafi hann þá séð töluverða vatnsgufu stíga upp úr polli til hliðar við veginn skammt frá þjónustumiðstöð svæðisins. Hafi hann viljað athuga hvað þetta var og stigið út af veginum. Hafi hann þá strax sokkið með fótinn upp fyrir ökkla í jarðvegin sem hafi verið gljúpur og gegnsósa af heitu vatni.

Þann 30.11.2004 ritaði M undir lýsingu á atvikinu sem skráð var hjá X, vátryggjanda A. Þar kemur fram að M hafi verið á leið að sumarbústaðnum sem hann var í. Er hann var að aka þar í nágrenninu hafi hann séð að vatn hafði safnast upp við veginn og því stigið út úr bifreiðinni til að aðgæta hvað um var að vera. Nóttina áður hafði verið hörkufrost, en þegar hann steig út fyrir götuna hafi hann lent í pytti sem var fullur af sjóðandi heitu vatni. Hafi hann brennst töluvert á rist og legg hægri fótar.

A hafði tekið við rekstri sumarhúsasvæðisins þegar slysið varð. Í málskoti er því haldið fram að leiðslan hafi verið sprungin í nokkurn tíma og staðarhaldari hafi vitað af því. Af hálfu A er því mótmælt að starfsmenn A hafi vitað af lekanum áður en slysið varð.

Álit.

Eins og M hefur lýst atvikum, bæði í lögregluskýrslu og í skýrslu hjá X, má ráða að hann hafi gert sér grein fyrir að heitt vatn hafi verið að renna um svæðið og ekki hafi allt verið með felldu er hann steig út úr bifreið sinni til að aðgæta hvað væri á seyði. Við þessar aðstæður verður að virða það honum til aðgæsluleysis, er hann steig út fyrir veginn með fyrrgreindum afleiðingum. Ósannað er samkvæmt gögnum málsins að starfsmenn A hafi þá vitað eða mátt vita hvers kyns var. Eru ekki talin efni til að fella bótaábyrgð á A vegna líkamstjóns M.

Niðurstaða.

A ber ekki bótaábyrgð á líkamstjóni M.

Reykjavík, 2. mars 2007.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.